

LV-2015-028



Samráðsfundur með ferðapjónustuaðilum vegna framkvæmda við Þeistareyki

Samantekt

LykilsíðaSkýrsla LV nr: LV-2015-028Dags: Febrúar 2015

Fjöldi síðna: 13 Upplag: 10 Dreifing:

-
- Birt á vef LV
-
-
- Opin
-
-
- Takmörkuð til

Titill: Samráðsfundur með ferðapjónustuaðilum vegna framkvæmda við Þeistareyki. Samantekt.Höfundar/fyrirtæki: Capacent/ Magnús Orri Schram og Ása Karin Hólm BjarnadóttirVerkefnisstjóri: Jóna BjarnadóttirUnnið fyrir: LandsvirkjunSamvinnuaðilar: Ferðamálasamtök Þingeyjarsveitar, Húsavíkurstofa og Mývatnsstofa

Útdráttur: Þann 13. janúar 2015 héldu Ferðamálasamtök Þingeyjarsveitar, Húsavíkurstofa, Mývatnsstofa og Landsvirkjun opinn samráðsfund um áskoranir og tækifæri í ferðapjónustu vegna uppbyggingar Þeistareykja-virkjunar. Á fundinn mættu um 40 þátttakendur. Í skýrslunni er greint frá fyrirkomulagi fundar, inngangserindum og umfjöllun vinnuhópa um eftirfarandi spurningar: Hvaða tækifæri í ferðapjónustu eru á Þeistareykjarsvæðinu og að hverju þarf að hyggja við uppbyggingu ferðapjónustu á framkvæmdatíma virkjunar? Ef horft er til lengri tíma - Hvaða tækifæri í ferðapjónustu eru á Þeistareykjarsvæðinu og að hverju þarf að hyggja í sambýli virkjunar, ferðapjónustu og náttúru? Hvernig eigum við að haga samskiptum milli gesta, landeigenda, Landsvirkjunar og ferðapjónustuaðila á meðan framkvæmdatíma standur ?

Lykilorð: Þeistareykir, ferðapjónusta, Ferðamálasamtök Þingeyjarsveitar, Húsavíkurstofa, Mývatnsstofa, Þingeyjarsveit, Þeistareykjavirkjun, Capacent.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra Landsvirkjunar





Landsvirkjun

Samráðsfundur með ferðapjónustuaðilum vegna framkvæmda við Þeistareyki - Samantekt

Janúar 2015

Inngangur

Landsvirkjun leitaði til Capacent undir lok ársins 2014 um framkvæmd samráðsfundar um samspil ferðaþjónustu við virkjun og virkjunarframkvæmdir við Þeistareyki. Markmið fundarins var að hefja samtal á milli ólíkra hagsmunaaðila um með hvaða hætti samvinnu ferðaþjónusta, framkvæmdir og síðar rekstur virkjunar væri sem best háttað. Áætlað er að orkuvinnsla á Þeistareykjum hefjist 2017 og að mati Landsvirkjunar er mikilvægt að ferðaþjónustan á svæðinu og fyrirtækið eigi með sér gott samstarf á meðan framkvæmdum stendur og svo þegar rekstur virkjunar hefst.

Samráðsfundurinn var haldinn að Ýdölum í Aðaldal 13. janúar síðastliðinn. Að fundinum stóðu Landsvirkjun, Húsavíkurstofa, Mývatnsstofa, og Ferðamálasamtök Þingeyjarsveitar. Fulltrúar Capacent; Magnús Orri Schram og Ása Karin Hólm Bjarnadóttir komu að undirbúningi fundarins og stýrðu framkvæmd hans ásamt úrvinnslu.

Fundurinn hófst með léttum hádegisverði kl. 12.30 og lauk rétt fyrir klukkan fimm. Tæplega fjórtíu manns hlýddu á erindi og tóku þátt í vinnustofum að þeim loknum. Um helmingur fundarmanna var fulltrúi ferðaþjónustunnar, en aðrir fundarmenn voru fulltrúar ýmissa opinberra aðila, starfsmenn Landsvirkjunar og áhugamenn um uppbyggingu að Þeistareykjum.

Fundurinn hófst á inngangserindum sem höfðu það hlutverk að upplýsa aðila um fyrirhugaðar framkvæmdir, skipulagsmál og veita upplýsingar úr nýlegri könnun meðal ferðamanna á svæðinu.

Bjarni Reykjálín skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar flutti yfirlit um stöðu skipulagsmála á Þeistareykjum. Hann kynnti Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslu 2007-2025 en þar kemur fram að á þessu stigi er ekki stefnt að uppbyggingu meiri háttar aðstöðu fyrir ferðamenn og ferðaþjónustu inni á því skipulagssvæði, sem afmarkað er sérstaklega. Miðað verði við að þjónustan verði fyrst og fremst við jaðar svæðisins, á Húsavík, í Ásbyrgi og við Mývatn. Komið verði fyrir upplýsingaspjöldum og helstu áfangastaðir ferðamanna á Þeistareykjum gerðir aðgengilegir með viðeigandi hætti. Þá rifjaði Bjarni upp að í Deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar er gert ráð fyrir möguleika á byggingu þjónustuhúss fyrir gesti og ferðamenn aðlægt Þeistareykjavegi þegar vinnubúðir verktaka verða fjarlægðar. Jafnframt er gert ráð fyrir þremur áningarstöðum á svæðinu, við bílastæði Þeistareykjaskála, við leirhveri og svo við virkjanaveg skammt vestan Skildingahóls.

Jóna Bjarnadóttir verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun fræddi fundarmenn um sýn Landsvirkjunar á verkefnið, tímalínu þess og framgang. Þá greindi Jóna frá niðurstöðum umferðamælinga og ferðakönnunar á Þeistareykjum sem fór fram 2012. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Landsvirkjunar.¹

Síðasta erindið flutti Lilja B. Rögnvaldsdóttir frá Rannsóknarsetri ferðamála á Húsavík sem fjallaði um niðurstöður könnunar meðal erlendra ferðamanna við Mývatn og á Húsavík. Í erindi hennar kom m.a. fram að ferðamönnum í Þingeyjarsýslurnar og til Húsavíkur er að fjölga með sambærilegum hætti og ferðamönnum á landsvísu. Niðurstöður ferðavenjukannana Rannsóknaseturs ferðamála á Húsavík eru birtar á heimasíðu Þekkingarnets Þingeyinga².

Að erindum loknum var fundarmönnum skipt í sex vinnuhópa sem allir fjölluðu um þrjár lykilsurningar:

¹ Sjá nánar: http://www.landsvirkjun.is/Media/2013-045_ny_utg.pdf

² Sjá nánar: <http://www.hac.is/rannsoknir/utgefid-efni/>

1. Hvaða tækifæri í ferðaþjónustu eru á Þeistareykjarsvæðinu og að hverju þarf að hyggja við uppbyggingu ferðaþjónustu á **framkvæmdatíma** virkjunar?
2. **Ef horft er til lengri tíma** - Hvaða tækifæri í ferðaþjónustu eru á Þeistareykjarsvæðinu og að hverju þarf að hyggja í sambýli virkjunar, ferðaþjónustu og náttúru?
3. Hvernig eigum við að haga samskiptum milli gesta, landeigenda, Landsvirkjunar og ferðaþjónustuaðila á meðan framkvæmdatíma stendur ?

Þess var gætt að í hverjum vinnuhópi væri jafnt hlutfall fundarmanna frá hverjum hópi; þ.e. opinbera geiranum, Landsvirkjun og frá aðilum í ferðaþjónustu. Eftir kaffihlé voru hóparnir stokkaðir upp og vann þá hver hópur nánar með eina spurningu úr fyrri umferð. Hóparnir unnu þá áfram með þær hugmyndir sem fram höfðu komið í hugarfluginu og var markmiðið að sammælast um 1-3 atriði sem talið var að leggja þyrfti áherslu á í hverjum málaflakki. Að endingu kynntu hóparnir svo hugmyndir sínar fyrir öðrum fundarmönnum.



Niðurstöður samráðsfundar



Fyrsta spurning: Hvaða tækifæri í ferðaþjónustu eru á Þeistareykjarsvæðinu og að hverju þarf að hyggja við uppbyggingu ferðaþjónustu á framkvæmdatíma virkjunar?

Gangi áætlanir eftir munu umfangsmiklar framkvæmdir hefjast á Þeistareykjum á þessu ári og standa næstu 3-4 árin. Landsvirkjun og verktakar leggja mikla áherslu uppúr því að tryggja öryggi á svæðinu á framkvæmdatíma virkjunar með stýringu umferðar, miðlun upplýsinga og fleiri öryggisþáttum.

Almennt var talið að búast má við einhverri umferð ferðamanna strax næsta sumar og að sú umferð muni aukast á næstu árum, þ.e. framkvæmdatíma virkjunar. Jafnvel verði eitthvað um skipulagðar hópferðir, en mest þó ferðamenn á eigin vegum og þá munu líklega heimamenn vilja fara um svæðið til að skoða framkvæmdir. Þannig megi búast við einhverri umferð, þrátt fyrir að svæðið verði ekki auglýst sem ferðamannastaður og framkvæmdir standi yfir. Þannig kom fram í máli fundarmanna að skynsamlegt væri að stíga varlega til jarðar og byggja upp grunnþjónustu áður en skipulagðar hópferðir hefjist inná svæðið.

Því töldu fundarmenn mikilvægt að tvinna þetta tvennt saman og samstillja þannig þau öryggismál sem framkvæmdaaðilar leggja áherslu á, við þá umferð ferðafólks sem búast má við á næstu árum. Þannig er nauðsynlegt að setja upp merkingar og upplýsingaskilti til að vernda viðkvæm svæði, stýra umferð og gæta öryggis. Þannig verði þess freistað að koma í veg fyrir árekstra, gæta að öryggis- og verndunarmálum og tryggja að frá upphafi ríki sátt á milli útivistar, ferðaþjónustu, verndunar náttúru, öryggismála og framkvæmda á svæðinu. Um

leið gefst tækifæri til að stýra væntingum gesta, fræða þá um framkvæmdina og samspil hennar við umhverfið. Ein hugmynd sem kom fram var að kynningarefni um virkjun miði að því að kynna virkjunarferlið frá rannsóknnum að virkjun.

Þá er mikilvægt að koma upp snyrtiaðstöðu á svæðinu hið fyrsta og huga vel að staðsetningu hennar útfrá núverandi aðstöðu, umferð verktaka og rótþróun.

Eitt þeirra atriða sem kom skýrt fram í hugarflugi fundarmanna var að leggja þyrfti áherslu á mikilvægi þess að nýta framkvæmdatímann vel til að skipuleggja hvernig uppbygging eigi að vera á sviði ferðaþjónustu á Þeistareykjum til framtíðar. Þannig eigi að tryggja að skipulag og uppbygging sé í takti við langtímastefnumörkun og þannig megi freista þess að mæta ólíkum sjónarmiðum um nýtingu og verndun náttúru. Þannig eigi að nýta næstu 3-5 ár vel til að Þeistareykir séu tilbúnir til að taka á móti ferðamönnum og almenningi í ríkari mæli en nú er, enda verði þá svæðið mun aðgengilegra en það er í dag.

Í því sambandi er mikilvægt að skoða húsnæðimál og hvernig staðið verði að meðal annars móttöku ferðamanna, möguleika á nýtingu affallsvatns/fjölnýtingu, lýsingu, almennri aðstöðu fyrir ferðamenn, veglagningu. Þannig verði til dæmis strax skoðað hvort megi byggja upp veg að Vítum um Bónðhólsskarð og einnig hvenær vegur kæmi á milli Þeistareykja og Hólasands (Þeistareykjavegur syðri).

Önnur spurning: Ef horft er til lengri tíma - Hvaða tækifæri í ferðaþjónustu eru á Þeistareykjarsvæðinu og að hverju þarf að hyggja í sambýli virkjunar, ferðaþjónustu og náttúru?

Að mati fundarmanna á uppbygging á Þeistareykjum að miða að því að raska svæðinu sem minnst. Almennt var talið að byggja eigi upp lágmarksþjónustu fyrir ferðamennsku, merkja gönguleiðir og gæta að miðlun nauðsynlegra upplýsinga, en að öðru leyti halda mannvirkjagerð og annari röskun í algeru lágmarki. Þannig væri mikilvægt að hugsa allar framkvæmdir með þeim hætti að þær vinni að því að hlífa svæðinu við átroðningi ferðamanna.

Áhersla var á að freista þess að halda í sérstöðu náttúrunnar á svæðinu og að hljóð- og ljósmengun verði í lágmarki. Virkjun á Þeistareykjum hefur auðveldað aðgengi að óraskaðri náttúru og uppbygging vegna aukinnar umferðar ferðamanna eigi að virða þau víðerni sem liggja ósnert allt í kringum svæðið.

Þátttakendur töldu mikilvægt að hefja vinnu við allsherjar stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu og útivist fyrir svæðið sem fyrst. Með því megi tryggja að allir sem koma að málinu gangi í takt og auka líkur á því að styrkleikar svæðisins sem liggja í víðernum og fallettri náttúru fái að njóta sín áfram þrátt fyrir aukna umferð ferðamanna. Takist til dæmis að skipuleggja og merkja göngu-, hjóla- og reiðleiðir sem fyrst, verði hægt að halda umferð frá viðkvæmum svæðum og þannig gæta að náttúrunni. Með heildar-stefnumörkun væri unnið að því að ná samstöðu um hvernig ferðamennsku eigi að byggja upp á Þeistareykjum, hvers konar ímynd eigi að huga að fyrir svæðið sem áningastað

Fram kom að í stefnumörkun svæðisins væri æskilegt að skilgreina sérstöðu svæðisins, aðdráttarafli og megineinkenni. Slíkt er mikilvægt að setja niður áður en umferð ferðamanna fer að aukast mikið og ákvarðanir verða teknar um aðgerðir vegna uppbyggingar tengt ferðamennsku og útivist. Þá var talið ákjósanlegt að sú ferðaþjónusta sem verði á Þeistareykjum styðji við aðra ferðaþjónustu í nágrenninu.

Þá var á það bent að mjög fjölbreyttur hópur ferðamanna mun væntanlega sækja Þeistareyki heim. Hvort sem ferðamaðurinn sækir í áhugaverða jarðfræði, almenna útivist eða er áhugamaður um vélsleða, göngu, hjóla- eða hestaferðir, skíðamennsku eða norðurljós hafa Þeistareykir uppá margt að bjóða.

Þá var nokkuð rætt um samspil virkjunar og ferðamennsku, t.d. með upplýsingamiðstöð, gestastofu, sýningu eða kynningaraðstöðu sem hluta af stöðvarhúsi. Ákjósanlegt væri að miðla fróðleik til gesta um nýtingu jarðvarma og auka upplifun gesta af heimsókn á jarðhitasvæði t.d. með opnum borholum.

Í hugarflugi þátttakenda komu einnig fram hugmyndir um einhverskonar nýtingu affallsvatns eða jarðvarma frá virkjuninni. Hugmyndir um sýndarhver, jarðhitagarð, matargerð með notkun jarðhita, baðlón eða gufubað voru ræddar í því sambandi.

Þá þótti aðilum mikilvægt að huga að gistingu á svæðinu og út frá þeim hópum sem líklegastir eru til að sækja svæðið heim; útivistarfólki, hestamönnum, vélsleða- eða göngufólki. Mikilvægt var talið að skoða vel möguleika á áfahaldandi vegalagningu og búa til góðan veg niður á Mývatnssvæðið og opna þannig á hringleið. Þá var einnig rætt um að bæta vegaspottann að Vítum og um leið væri ákjósanlegt að útbúa útsýnisstað uppá Þeistarreykjabungu en þar er gott útsýni yfir svæðið allt.

Priðja spurning: Hvernig eigum við að haga samskiptum milli gesta, landeigenda, Landsvirkjunar og ferðaþjónustuaðila á meðan framkvæmdatíma stendur ?

Almennur áhugi var fyrir því að skipa samráðshóp eða samráðsvettvang sem væri skipaður af fulltrúum aðila í ferðaþjónustu, Landsvirkjunar, bænda, Þingeyjarsveitar og annara opinberra aðila. Vettvangurinn ætti að huga að þáttum sem þurfa að koma til framkvæmda strax til að svæðið geti tekið á móti aukinni umferð ferðamanna um svæðið sem og að taka þátt í stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu og útivist til lengri tíma.

Fleiri hugmyndir komu fram um verkefni samstarfshópsins:

Vera vettvangur upplýsingamiðlunar á milli aðila strax í upphafi og til framtíðar. Þannig er mikilvægt að huga strax að miðlun upplýsinga áður en framkvæmdir hefjast.

Nokkuð var rætt um nauðsyn sérstaks upplýsingafulltrúa sem hefði það hlutverk að stýra og halda utan um samvinnu aðila, móttöku ferðamanna, upplýsingamiðlun og kynningarmál. Þannig hefði ferðaþjónustan aðgang að einhverjum á svæðinu, sem gæti þá verið tengiliður við Landsvirkjun. Gott væri ef viðkomandi væri vel staðkunnugur.


Skipuleggja ætti hvernig samspili ferðaþjónustu, ferðamennsku og framkvæmda verði háttað og gæta þannig að öryggismálum, verndun náttúru og stýringu umferðar. Þannig verði miðlað upplýsingum til gesta strax frá upphafi til að hindra rask og slæma umgengni. Þannig megi koma í veg fyrir að grípa þurfi til lokunar á tilteknum svæðum. Einnig hafa forgöngu um gerð upplýsingaskilta og salernisaðstöðu strax í vor.

Hefja vinnu við stefnumótun um hvers konar ferðaþjónustu eigi að byggja upp á Þeistareykjum. Í framhaldi þurfi að eiga sér stað athugun hvernig þær hugmyndir passa við skipulagsmál svæðisins.

Koma að gerð verkáætlunar og stefnumörkunar fyrir svæðið allt svo vinna megi í þeim atriðum sem komu fram í tengslum við spurningu eitt og tvö á samráðsfundinum. Það er hvernig hugað verði að ferðaþjónustu á framkvæmdatíma og hins vegar ferðaþjónustu til lengri tíma.



Samantekt



Samantekt

Helstu niðurstöður fundarins eru þessar og í þessari forgangs röð:

- Mynda samráðsvettvang um ferðamennsku á Þeistareykjum. Þar eigi sæti fulltrúar m.a. ferðabjónustunnar, Landsvirkjunar, Sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar, bænda, og annara opinberra aðila.
- Samráðshópurinn skal hafa milligöngu um miðlun upplýsinga á milli aðila. Þá skal hópurinn strax einbeita sér að eftirtöldum verkefnum:
- Huga þurfi að móttöku ferðamanna sumarið 2015. Lagt var til að koma upp upplýsingaskiltum, salernisaðstöðu og gæta stýringu á umferð út frá sjónarmiðum um verndun náttúru og öryggi á framkvæmdatíma.
- Að hefja vinnu við stefnumótun svæðisins til lengri tíma. Þar eigi að skoða á breiðum grundvelli hvers konar ferðabjónustu eigi að byggja upp á Þeistareykjum.

Niðurlag

Undir lok fundarins voru þátttakendur beðnir um að lýsa upplifun sinni af fundinum og starfinu framundan. Fram kom mikil ánægja með það frumkvæði sem var sýnt með fundinum og mikil bjartsýni ríkti meðal aðila gagnvart samstarfinu og þeim möguleikum sem það býður uppá.

Að mati ráðgjafa Capacent má sjá mjög áhugaverða hluti vera í uppsiglingu að Þeistareykjum. Meðal heimamanna ríkir mikil jákvæðni gagnvart virkjuninni og því samstarfi sem er að hefjast um samþil virkjunar og ferðamennsku. Þannig gefast nú miklir möguleikar til að ná góðum árangri og vinna samstarfið áfram á farsælan hátt.

Reykjavík 9. febrúar 2015

Magnús Orri Schram

Ása Karin Hólm Bjarnadóttir



Efni frá vinnuhópunum á samráðsfundinum (hrágögn)

Spurning 1 – Borð 1 - Hvaða tækifæri í ferðaþjónustu eru á þeistareykjarsvæðinu og að hverju þarf að hyggja við uppbyggingu ferðaþjónustu á framkvæmdatíma virkjunar?

1. Samráðsvettvangur ferðaþjónustu, Landsvirkjun og opinberra aðila til að huga að tækifærum og ógnunum á framkvæmdatíma, koma málinu í farveg strax
2. Upplýsingaskilti og snyrtiaðstaða strax í sumar
3. Merktir göngustígar á framkvæmdatíma vernda viðkvæm svæði eins og jarðhitasvæðin fyrir átroðningi
4. Nota framkvæmdatímamann til þess að undirbúa svæðið undir þá umferð sem verður að framkvæmdum loknum
5. Hugsa til framtíðar á framkvæmdatímanum, t.d. nýting á affallsvarma virkjunar, huga að lýsingu (hindra ljósmengun)
6. Skipulagning og samvinna hagsmunaaðila frá byrjun
7. Hugsa til framtíðar á framkvæmdatímanum, t.d. nýting á affallsvarma virkjunar, huga að lýsingu (hindra ljósmengun)
8. Snyrtiaðstaða fyrir ferðamenn á framkvæmdatíma, er hægt að hafa það nálægt skálanum?
9. Salernisaðstaða er fyrir hendi á búðasvæði, rotþrær
10. Móttökustjóri á svæðinu
11. Merkingar á gönguleiðum og reiðleiðum
12. Þjónusta við ferðamenn á framkvæmdatímanum, kaffisala osfrv
13. Fylgjast með framkvæmdum á framkvæmdatíma

Spurning 1 – Borð 2 - Hvaða tækifæri í ferðaþjónustu eru á þeistareykjarsvæðinu og að hverju þarf að hyggja við uppbyggingu ferðaþjónustu á framkvæmdatíma virkjunar?

- Tækifæri
 - Nýta framkvæmdatíma til að skipuleggja svæðið í heild til framtíðar þannig að svæðið muni ekki láta á sjá með aukinni umferð
 - Merkingar vegna fræðslu og öryggis
 - Hugsa strax að markaðssetningu og ímyndasköpun
- Áskoranir
 - Öryggismál vegna umferðar fólks um svæðið á meðan framkvæmdum stendur
 - Þjóða upp á hreinlætisaðstöðu fyrir gesti og gangandi
 - Leiðbeina fólki um svæðið þannig að sátt sé á milli náttúru, framkvæmdaaðila, ferðaþjónstuaðila og ferðamanna.

Ítarefni:

- Svæðið einstakt, snjópungt, myrkur, vegur, stutt að fara
- Samráð, huga að skipulagi til framtíðar,
- Stýra væntingum með því að auglýsa að það séu framkvæmdir
- Kynna framkvæmdina sjálfa, margir vilja sjá virkjun í byggingu
- Uppfræða um framkvæmd, svæði áhrif

- Upplýsingafulltrúi á vegum Landsvirkjunarsem sér um kynningu á framkvæmdum á svæðinu, einnig rætt að gæti verið aðili í heimabyggð (atvinnuþr. Fél, sveitarfélag)
- Skipuleggja strax og merkja gönguleiðir, koma upp upplýsingaskiltum
- Byggja strax upp veg upp að Víti
- Vetrarferðamennska frá Húsavík, m.a. Norðurljós og tengja við viðburði á svæðinu s.s. Orkugangan
- Fara inn á svæðið með leiðsögn á framkvæmdatíma
- Hafa í huga að hesthús gæti verið margnotaaðstaða, fyrirhugað að byggja hesthús á svæðinu.
- Útsýnissvæði á Þeistareykjabungu ef vegur kemur um Bóndhólskarð
- Opíð hús til að kynna ákveðna framkvæmdaáfangna
- Skipuleggja stígakerfi, strax í upphafi
- Stofna samráðs hóp, Landsvirkjun, Þingeyjarsveit og ferðamálasamtök, samræma það sem þarf að gera
- Gönguleiðir á framkvæmdatíma til að stýra umferð ferðamanna
- Skíðasvæði í Norðurþingi á leiðinni upp eftir
- Framtíðar virkjunarhús með tilliti til aðgengi fólks að henni og upplýsingagjöl – Hafa innan virkjanasvæðis hafaf t.d. Gestastofu/aðstöðu með tengsl við virkjunina
- Ferðamannavirkjun
- Kynna ferilinn frá rannsóknum að rekstri
- Vera samstíga – ekki kapphlaup, horfa til framtíðar
- Vera búin að hugsa þetta áður en framkvæmdatíma virkjunar lýkur
- Passa sig að rjúka ekki af stað og valda vonbrigðum með raski
- Vera ekki að auglýsa upp svæðið á framkvæmdatíma
- Aðgengi fyrir ferðafólk, ekki loka áhugaverðum stöðum
- Strax þörf fyrir snyrtingu fyrir ferðamenn, gera þarf ráð fyrir því strax
- Góð kynning á svæðinu, þannig að takmarkanir og annað sé tilkynnt, s.s. hættur
- Merkingar þurfa að vera skýrar á framkvæmdatíma
- Góð salernisaðstaða
- Hættur fyrir ferðamanna, Mikil umferð vinnuvéla
- Fólk þarf að geta komið og fylgst með framkvæmdum
- Jafnvægi milli ferðapjónustu og uppbyggingar
- Ímyndasköpun, hvaða ímynd á að selja af svæðinu
- Matar menning – nota jarðhita til að útbúa slíkt
- Merkingar, samráðshópur, upplýsingafulltrúi, Öryggismálin
- Leiða ferðamenn öruggar leiðir og þannig að skaði ekki náttúru
- Með aukinni umferð er hætt við að svæði við Vítin og hverri verði átroðið flótt, byrja því strax upp þannig að svæði beri ekki skaða

Spurning 2 - Borð 1 - Ef horft er til lengri tíma - Hvaða tækifæri í ferðaþjónustu eru á Þeistareykjarsvæðinu og að hverju þarf að hyggja í sambýli virkjunar, ferðaþjónustu og náttúru?

Tækifærin

- Nýta tímann núna að skipuleggja vel svæðið til að halda í það útlit og þá útivistarparadís sem það er í dag. Skaða svæðið sem minnst en að hafa lágmarks þjónustu
- Skilgreina sérstöðu svæðisins fyrirfram áður en haldið er áfram með frekari framkvæmdir. Fyrirbyggja allan skaða sem framkvæmdir og ferðaþjónusta getur gert svæðinu fyrirfram, horfa fram í tímann
- Hafa stefnumótun inn í framkvæmd – halda vel utan um allar ákvarðanir
- Nýta heita vatnið og affallsvatnið, t.d. Jarðhitagarður, baðsvæði
- Nýta sögu og náttúrusvæðisins í ferðaþjónustu
- Vernda það sem svæðið hefur í dag, raska sem minnst útliti svæðisins
- Byggja upp þjónustumiðstöð – Gestastofu, upplýsingamiðstöð og kennsluáðstöðu
- Heilsárs ferðaþjónustusvæði. Vetrarþjónusta t.d. Norðurljósa- og skíðaferðir
- Hafa möguleika á gistingu á svæðinu
- Samráð um skipulag svæðisins milli alla hagsmunaaðila
- Stýra umferð og efla öryggi ferðamanna
- Klára vegaframkvæmdir sem fyrst

- Bæta merkingar og kort á svæðinu og efla upplýsingastreymi til ferðamanna
- Draga fram það sem er áhugavert og einstakt við svæðinu
- Hafa sýningarsvæði, t.d. opnar borholur til að auka upplifun af jarðhitasvæðum og efla upplýsingar um jarðhitasvæðið fyrir ferðamenn
- Koma í veg fyrir alla mengun á svæðinu til að lágmarka það að ferðamenn tapi þeirri náttúrulegu upplifun sem það getur fengið frá svæðinu. Loft-, ljós- og hljóðmengun
- Allar tegundir útivistarfólks kemur á svæðið, hafa það í huga í skipulagi
- Hafa uppbyggingu og mannvirkjagerð í lágmarki – halda í þá náttúrulegu upplifun og sérstöðu sem svæðið hefur nú þegar
- Merkja gönguleiðir til að vernda svæðið. Allir hagsmunaaðilar kæmu sér strax um hvað á að vernda og hvað er göngu-, vélsleða- eða reiðleið

Spurning 2 - Borð 2 - Ef horft er til lengri tíma - Hvaða tækifæri í ferðaþjónustu eru á Þeistareykjarsvæðinu og að hverju þarf að hyggja í sambýli virkjunar, ferðaþjónustu og náttúru?

- Gestastofu
- Vegsamgöngur
- Demantshringurinn
- Nýta afall af virkjun í böð eða þesshátar
- Gistirými
- Útivist

-
- Jarðfræðiferðamennska
 - Hálendisferðir
 - „Ferðafjós“ Opna virkjunina með umferð ferðamanna
 - Vegasambandsmál
 - Skíðainnviðir á Reykjaheiði
 - Sýndarhver?
 - Aðgengi að virkjun Gestastofa
 - Útivistar ferðamennsku ýmiskonar
 - Óbyggðir til allra átta
 - Gistirými hugsað fyrir útivistarfólk
 - Mikilvægt að merkja gönguleiðir
 - Hvað eru menn að koma að skoða upp á Þeistareykjum
 - Verja ósnert svæði! Gera göngu og hjólaleiðir til að verja svæðið
 - Tryggja Grunnþjónustu við gesti svæðisins, og virka upplýsingaveitu líkt og Gestastofu í tengslum virkjun
 - Móttaka
 - Salernisaðstaða
 - Upplýsingar
 - Kynning á svæðinu
 - Vegasamgöngur opna hring leið um Þeistareyki
 - Heildar skipulag og uppbygging til að vernda ósnortna náttúru svæðisins. Sníða þarf skipulag fyrir svæðið í kring um Þeistareyki til framtíðar sem áfangastað „horfa á stóra svæðið í kring“
 - Heilsársferðþjónusta á svæðinu vetrarferðarþjónusta á svæðinu
 - Klasasamstarf hagsmunaaðila á svæðinu og öflug upplýsingarveita til ferðamanna við alla inganga inn á svæðið

Spurning 3 – Borð 1 Hvernig eigum við að haga samskiptum milli gesta, landeigenda, Landsvirkjunar og ferðaþjónustuaðila á meðan famkvæmdatíma stendur ?

Forgangsverkefni:

- Búa til samráðshóp með hagsmunaðilum, samstarf milli t.d. sveitarfélags, ferðaþjónustuaðila, virkjunaraðila og atvinnuþróunarfélags
- Upplýsingagjöfin til „geirans“ fer í gegnum þennan hóp
- Skilgreina mjög skýrt hver ætti að draga vagninn

Fleiri hugmyndir sem fram komu:

- Búa til samráðshóp með hagsmunaðilum, samstarf milli, landeigendur, ferðaþjónusta, virkjunaraðili. Funda reglulega. Búa til hóp. Eignast tengliði inn í geirann. Formlegt klasasamstarf um, landeigendur, ferðaþjónusta, virkjunaraðili. Hafa hópinn ekki of stóran. Hafa þetta af frumkvæði sveitarfélagsins. Tengiliður/upplýsingafulltrúi innan Landsvirkjunar sem „geirinn“ hafi aðgengi að, þekkir svæðið. skilgreindur
- Gera nýtt stöðumat og koma með tillögur til úrlausnar.
- Nota gistigeirann tli að dreifa upplýsingum. Hægt að horfa að líka til Mývatnsstofu, Húsavíkurstofu og Ferðamálasamtaka Þingeyjarsýslu.
- Greinagóðar upplýsingar um svæðið, á svæðinu, t.d. skilti.
- Skilti á sitthvorum aðgangspunkti Þeistareykja um framkvæmdir.
- Ekki setja upp boð og bönn um aðgengi að svæðinu.
- Setja niður reglur um hvað má á svæðinu og hvað ekki má (hjáleið). Upplýsingar um lokanir og hættur.
- Veita þessar upplýsingar vel, með heimasíðu, í gengum samráðshóp o.s.frv.
- Koma með upplýsingar fyrir, hugsa fyrir samtalinu fyrir hvernig framkvæmdir sumarsins liggja, ekki upplýsa geirann of seint.
- Halda áfram að safna gögnum hjá Lilju, Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands.
- Læra af eldri verkefnum.

- Huga að þekkingarsetri á Þeistareykjum, þörfin er til staðar.
- Hugsa fyrir ferðamanninum á framkvæmdatíma.
- Upplýsingafulltrúi á vegum Landsvirkjunar => til að sinna ferðafólki. Þetta sé strax formfest.
- Hvaða ímynd og viðhorf vilja menn hafa af svæðinu strax í upphafi.
- Stöðvum hrepparíginn vinnum saman til framtíð

Spurning 3 – Borð 2 Hvernig eigum við að haga samskiptum milli gesta, landeigenda, Landsvirkjunar og ferðaþjónustuaðila á meðan famkvæmdatíma stendur ?

- Skipa formlegan samstarfshóp/samráðshóp/klasasamtök fulltrúa hagsmunaðila með skilgreindan tilgang og stjórnskipurit

- Hlutverk /markmið

- Stöðug endurskoðun skipulagsmála þar sem gert er ráð fyrir t.d. ferðaþjónustu á svæðinu í takt við þarfir
- Skilgreina hlutverk og ábyrgð einstakra hagsmunaaðila
- Halda utan um verkefnaáætlun m.t.t. Spurningu 1 og 2,(hvenær, hver og hvar)
- Upplýsingagjöf innan og utan svæðis m.a. öryggisþættir ferðamanns og verndun náttúru
- Áframhaldandi greining á hegðun og væntingum ferðamanna

Áframhaldandi vöktun á svæðinu

Þróun svæðisins miðað við greiningar og síbreytilegar þarfir

Umferð / ferðaþjónusta /framkvæmdaraðilar vinni saman í sátt



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

